

REGLUR

um breytingu á reglum um fjárhagsaðstoð hjá Hafnarfjarðarkaupstað, nr. 595/2022.

1. gr.

2. gr. reglnanna breytist og verður svohljóðandi:

Framfærsluskylda og fjárhagsaðstoð.

Hverjum manni er skylt að framfæra sjálfan sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára. Þeim er sækir um aðstoð samkvæmt reglum þessum er skylt að leita sér að atvinnu hér á landi og taka þeirri atvinnu sem býðst nema því aðeins að veikindi, örorka, hár aldur eða aðrar gildar ástæður hamli því. Skilyrði fyrir greiðslu fjárhagsaðstoðar er að einstaklingur dvelji á Íslandi og þiggi ekki stuðning eða sæki vinnu í öðru landi. Fjárhagsaðstoð skal veitt fólki í tímabundnum erfiðleikum og er hún hugsuð sem stuðningur við einstakling eða fjölskyldur til að mæta grunnþörfum þeirra.

Fólk sem er í skráðri sambúð í þjóðskrá á sama rétt til fjárhagsaðstoðar og hjón.

2. gr.

8. gr. reglnanna breytist og verður svohljóðandi:

Umsókn og fylgigögn.

Umsókn um fjárhagsaðstoð skal leggja fram með rafrænum hætti á vefsíðu Hafnarfjarðarkaupstaðar. Umsókn getur einnig verið lögð fram á sérstöku eyðublaði í þjónustuveri, undirrituðu af umsækjanda sem þá skal framvísa gildu persónuskilríki með mynd.

Þegar sótt er um fjárhagsaðstoð til framfærslu í fyrsta skipti eða þegar liðnir eru sex mánuðir frá því síðast var sótt um fjárhagsaðstoð til framfærslu er umsækjanda skylt að sanna á sér deili með því að mæta í þjónustuver og sýna gild persónuskilríki með mynd. Bregðist umsækjandi ekki við kröfu um að sanna á sér deili er heimilt að stöðva afgreiðslu umsóknar og/eða greiðslu fjárhagsaðstoðar til framfærslu. Sanna skal á sér deili innan tveggja virkra daga frá því að umsókn var lögð fram nema lögmæt forföll hamli því, s.s. veikindi eða fötlun.

Vakni rökstuddur grunur um að umsækjandi dvelji ekki á Íslandi er heimilt að gera kröfu um að umsækjandi sanni deili á sér með því að mæta í þjónustuver Hafnarfjarðarkaupstaðar og sýni gild persónuskilríki með mynd. Bregðist umsækjandi ekki við kröfu um að sanna á sér deili er heimilt að stöðva afgreiðslu umsóknar og/eða greiðslu fjárhagsaðstoðar til framfærslu.

Umsókn skal fylgja staðfest skattframtal vegna síðastliðins árs, staðgreiðsluskrá ríkisskattstjóra, yfirlit yfir allar tekjur og aðrar greiðslur til umsækjanda og maka hans þann mánuð sem umsókn er lögð fram, þar með taldar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, Sjúkratryggingum Íslands, innlendum og erlendum lífeyrissjóðum, Vinnumálastofnun, sjúkrasjóðum stéttarfélaga eða öðrum aðilum. Umsækjanda ber að leggja fram dvalarleyfi í þeim tilfellum sem það á við.

Umsækjandi getur veitt öðrum skriflegt umboð til að sækja um aðstoð fyrir sína hönd.

Þegar umsækjandi er atvinnulaus skal hann framvísa tilskildum gögnum frá Vinnumálastofnun. Njóti umsækjandi réttar til atvinnuleysisbóta skal hann framvísa greiðsluseðli frá Vinnumálastofnun. Hafi umsækjandi ekki fengið atvinnuleysisbætur vegna veikinda skal hann framvísa læknisvottorði. Læknisvottorð skulu vera útgefin af heilsugæslu eða sérfræðilækni sem annast mál einstaklingsins. Ótímabundið læknisvottorð gildir að hámarki í þrjá mánuði frá dagsetningu vottorðs. Hafi hann ekki skráð sig hjá Vinnumálastofnun, án viðhlítandi skýringa, eða sætir biðtíma hjá Vinnumálastofnun hefur það áhrif á fjárhæð, sbr. 3. gr. þessara reglna.

3. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með stoð í 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, öðlast gildi 1. febrúar 2025.

Breytingarnar voru samþykktar í fjölskylduráði Hafnarfjarðar 10. desember 2024 og í bæjarstjórn Hafnarfjarðar 18. desember 2024.

Hafnarfirði, 3. janúar 2025.

Guðlaug Ósk Gísladóttir, sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs.

B-deild – Útgáfudagur: 17. janúar 2025